

Veiðifélag Kjósarhrepps
Káraneskoti
276Mosfellsbær

Reykjavík, 22. október 2021
UST202103-141/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 27. september 2021 þar sem óskað var eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíks er skráð var í eftirliti í fiskeldisstöð Veiðifélags Kjósarhrepps dags. 1. september sl. Þann 19. október barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávíkin eru eftirfarandi:

1. 6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðili starfrækir rekstur í stöðinni án starfsleyfis. Skv. 6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sbr. viðauka II hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur félagið hug á því að bæta úr skorti á starfsleyfi og mun hefja strax undirbúning á öflun gagna og upplýsinga um hvað þurfi til að sækja um starfsleyfi. Undirbúningurinn muni þó taka tíma og óskar félagið eftir fresti til að klára undirbúningsvinnu fram til 31. desember 2021.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila.

Verði frávíki ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur